

Alþingi
Alsherjarnefnd
150 REYKJAVÍK

Reykjavík 19. október 2007

Tilvísun: 200710-0084/ 0.03.02

**Umsögn um frumvarp til laga
um breytingu ýmissa lagaákvæða sem varða sölu áfengis og tóbaks.
135. löggjafarþing 2007–2008. Þskj. 6 — 6. mál.**

Með frumvarpi þessu er gert ráð fyrir að heimilt verði að selja vín sem inniheldur minna en 22% vínanda í smásöluverslunum. Gert er ráð fyrir að starfsmenn sem afgreiða vín megi ekki vera yngri en 20 ára.


Í dag er alkunna að stór hluti starfsmanna í smásölu eru iðulega yngri en 20 ára, og hefur Vinnueftirlitið þurft að fylgjast grannt með ákvæðum laga um vinnu barna og ungmenna sem kveða á um 15 ára aldurstakmark við að vinna á afgreiðslukassa. Torvelt hefur verið að tryggja eftirlit með að hærri aldursmörk séu ætíð virt hvað varðar afgreiðslu á tóbaki í þessum verslunum, þegar mikið álag er .

Samkvæmt frumvarpinu þá er viðbúið að yngri starfsmenn en 20 ára komi til með að raða í hillur og taka þátt í að þrifa upp áfengi ef umbúðir brotna eða laskast í meðförum. Telja verður sýnt að þetta umhverfi geti skapað óhollan og hættulega þrýsting gagnvart ungum starfsmönnum m.t.t. neyslu, afgreiðslu og dreifingu á áfengum drykkjum. Vinnueftirlitið leggur því ríka áherslu á að skylt verði allir sem vinna í verslun sem selur áfenga drykki hafi náð 20 ára aldri.

Þá vill Vinnueftirlitið undirstrika að aukið framboð á áfengi er til þess fallið að auka neyslu þess. Þannig hefur áfengisneysla á Íslandi aukist mjög verulega frá því að sala bjórs var gefin frjáls fyrir tveimur áratugum. Samhliða því hefur útsölustöðum ÁTVR fjölgað sem og veitingastöðum með vínveitingaleyfi.

Þessi aukna neysla áfengis tengist í dag m.a. hærri tíðni áfengissýki meðal kvenna, og viðbúið er að á næstu 10 til 15 árum þá muni tíðni skorpulífur aukast verulega hér á landi. Vinnustaðir hafa beint tjón af neyslu áfengis bæði í formi vinnuslysa sem og vegna mistaka sem gerð eru tengt áfengisneyslu eða í framhaldi af áfengisneyslu. Vinnueftirlitið telur því aðgerðir sem eru líklegar eða mögulegar til þess fallnar að auka neyslu áfengis í landinu ekki þjóna markmiðum vinnuverndar.

Virðingarfyllst
f.h. Vinnueftirlit ríkisins


Kristinn Tomasson, dr.med
Yfirlæknir Vinnueftirlitsins